

Starfshópur um fjárhagsleg málefni – Fundargerð 11. október 2016

Fundur var haldinn í starfshópi um fjármál Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, þriðjudaginn 11. október 2016. Fundinn sátu Kári Snær Valtingojer, Sóley Dögg Birgisdóttir og Gauti Jóhannesson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð og stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. 8 mánaða árshlutauppgjör
2. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga varðandi viðauka við fjárhagsáætlanir
3. Fjárfestingaráætlun 2017-2020
4. Gjaldskrárbreytingar
5. Fjárhagsáætlun 2017
6. Breytilegir útlánsvextir Lánasjóðs sveitarfélaga

-
1. **8 mánaða árshlutauppgjör**
Farið yfir árshlutauppgjör vegna fyrstu 8 mánaða ársins sem sent var fulltrúum í starfhópnum 3. október.
 2. **Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga varðandi viðauka við fjárhagsáætlanir**
Lagt fram bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 3. október 2016 varðandi viðauka við fjárhagsáætlanir.
 3. **Fjárfestingaráætlun 2017-2020**
Farið var yfir drög að fjárfestingaráætlun næstu 4 ára. Hópurinn leggur til að skipulagsþörf næsta árs verði skilgreind og kostnaðargreind.
 4. **Gjaldskrárbreytingar**
Starfshópurinn leggur til að gjaldskrárbreytingum verði stillt í hof en þó gerðar breytingar m.t.t. viðkomandi vísitölu þar sem það á við.
 5. **Fjárhagsáætlun 2017**
Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu vinnu vegna fjárhagsáætlunar 2017. Stefnt er að fundum með forsvarsmönnum stofnana á allra næstu dögum og stefnt er að því að tillaga að fjárhagsáætlun verði kynnt sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga.
 6. **Breytilegir útlánsvextir Lánasjóðs sveitarfélaga**
Farið yfir stöðu á útlánsvöxtum Lánasjóðs sveitarfélaga sem eru óbreyttir 3,40% frá 1. nóvember.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:10

Gauti Jóhannesson, fundarritari

Sóley Dögg Birgisdóttir
Kári Snær Valtingojer
Gauti Jóhannesson